

## Náttúrufræði og umhverfismennt 3.bekkur

Markmiðið er að nemendur taki þátt í samræðum af öryggi og tjái sig bæði skýrt og áheyrilega. Nemendur þurfa að læra af reynslunni og endurskoða úrlausnir verkefna í samræmi við reynslu sína. Einnig þurfa þeir að geta notað þann orðaforða sem við á hverju sinni, hlustað á aðra nemendur og virða skoðanir þeirra. Nemendur þurfa að vinna á skapandi og gagnrýnan hátt við úrlausn verkefna, gera sér grein fyrir að hægt er að komast að fleiri en einni niðurstöðu við úrlausn verkefna og geta greint á milli staðreynda og skoðana.

### Sjálfstæði og samvinna

#### Hæfniviðmið

Markmiðið er að nemendur:

- geti unnið eftir fyrirmælum og borið ábyrgð á eigin verkefnum og vinnubrögðum,
- geri sér grein fyrir styrkleikum sínum,
- geti tekið þátt í leik og starfi í skólasamfélaginu,
- geri sér grein fyrir eigin hlutverki í samstarfi,
- geti tekið leiðsögn á jákvæðan hátt.

### Geta til aðgerða

Markmiðið er að nemendur:

- geti útskýrt hvernig tækni hefur áhrif á lífsgæði íbúa og umhverfi þeirra,
- geti tekið frumkvæði við öflun upplýsinga til að skoða tiltekið málefni frá ýmsum sjónarhornum,
- sýni virkni og látið sig varða nánasta umhverfi og lífsskilyrði lífvera í því,
- greini á milli ólíkra sjónarmiða sem varða málefni daglegs lífs.

### Nýsköpun og hagnýtingu þekkingar

Markmiðið er að nemendur:

- komi auga á þarfir og vandamál í umhverfi sínu,
- bendi á störf sem krefjast sérþekkingar.

### Gildi og hlutverk vísinda og tækni

Markmiðið er að nemendur:

- geti í máli og myndum miðlað hugmyndum sem tengjast náttúruvísindum,
- geti notað einföld hugtök úr náttúruvísindum í textaskrifum,
- geti útskýrt hvernig tækni nýtist í daglegu lífi þeirra,
- geri sér grein fyrir hvernig maðurinn er hluti af náttúrunni og lífsafkoma hans byggist á samspilinu við hana.

### Vinnubrögð og færni í náttúrugreinum:

Markmiðið er að nemendur:

- segi frá og framkvæmt með hversdagslegum hlutum einfaldar athuganir úti og inni,
- taki þátt í vali á náttúrufræðilegum verkefnum og kynningu á niðurstöðum,
- afli sér upplýsinga er varða náttúruna, skráð atburði og athuganir, s.s. með ljósmyndum, teikningum, eigin orðum og sagt frá þeim,

- noti ólíkar heimildir við öflun upplýsinga,
- útskýri valda atburði og hug-myndir á fjölbreyttan hátt,
- hlusti á og ræði hugmyndir annarra.

### Efling ábyrgðar á umhverfinu:

Markmiðið er að nemendur:

- taki eftir og ræði atriði í umhverfinu sínu, sýnt félögum og náttúru alúð,
- skoði og skrái dæmi um áhrif af gjörðum mannsins á náttúru og manngert umhverfi í heimabyggð,
- nýti reynslu og hæfni í námi og daglegu lífi, einn og með öðrum,
- ræði eigin lífssýn og gildi, gert sér grein fyrir samspili náttúru og manns,
- taki þátt í að skoða, greina og bæta eigið umhverfi og náttúru.

### Að búa á jörðinni

Markmiðið er að nemendur:

- taki þátt í og segi frá einföldum athugunum á jarðvegi, veðrun og rof,
- segi frá hvernig Ísland myndast og tekur breytingum,
- fylgst með og skrái upplýsingar um veður í heimabyggð,
- lýsi breytingum á náttúru Íslands eftir árstíðum og áhrifum þeirra á lífsskilyrði fólks,
- noti gervihnatta- og loftmyndir af yfirborði jarðar til að lýsa heimabyggð.

### Lífsskilyrði manna

Markmiðið er að nemendur:

- útskýri á einfaldan hátt byggingu og starfsemi mannlíkamans,
- útskýri mikilvægi hreyfingar, hreinlætis, hollrar fæðu og svefns,
- bendi á skaðleg efni og hvernig ýmsir sjúkdómar og sýklar eru smitandi,
- útskýri á einfaldan hátt hvernig barn verður til og þekkir einkastaði líkamans,
- ræði fjölbreytni í nýtingu vatns á heimilum og í umhverfinu,
- lýsi skynjun sinni og upplifun af breytingum á hljóði, ljósi og hitastigi og áhrifum sólarljóss á umhverfi, hitastig og líkamann og tengt hitastig við daglegt líf.

### Náttúra Íslands

Markmiðið er að nemendur:

- segi frá eigin upplifun á náttúrunni og skoðun á lífveru í náttúrulegu umhverfi,
- útskýri einkenni lífandi vera, skýri með dæmum lífsskilyrði lífvera og tengsl við umhverfi,
- lýsi algengustu lífverum í nánasta umhverfi sínu,
- útskýri fæðukeðjur og rakið fæðu til frumframleiðenda,
- greini á milli algengustu orkugjafa á Íslandi,
- segi frá náttúruhamförum sem búast má við á Íslandi og hvar þær verða.

### Heilbrigði umhverfisins

Markmiðið er að nemendur:

- fjalli um samspil manns og náttúru,
- flokki úrgang,

- geri grein fyrir þjónustu, sem náttúrulegir ferlar veita,
- setja í samhengi mismunandi ástand efna og eiginleika þeirra,
- ræða krafta sem koma við sögu í daglegu lífi manna.

### **Tækni og þróunar í samfélaginu**

Markmiðið er að nemendur:

- geti flokkað gerviefni og náttúruleg efni eftir tilurð þeirra,
- geti rætt hvernig uppfinningar hafa gert líf fólks auðveldara eða erfiðara, á heimilum og í ólíkum atvinnugreinum,
- geri grein fyrir hvernig holl fæða er samsett úr öllum flokkum fæðuhringsins og mikilvægi við geymsluaðferðir.

### **Námsmat**

Námsmat í formi símats þar sem kennari fylgist stöðugt með framförum og stöðu nemanda. Námsmatsaðferðir eru verklegar, munnlegar og skriflegar.